

Minnisblað til umhverfisnefndar Alþingis, um hleðslustöðvar.

Tilfni þessa minnisblaðs er að útskýra frekar þær athugasemdir, sem gerðar hafa verið vegna skilgreiningar á orðinu hleðslustöð í frumvarpi um varnir gegn mengun hafs og stranda - mál 162. Eins og komið hefur fram eru ekki gerðar aths. við lagaákvæði sjálft, enda er það efnislega eins og núverandi ákvæði í 10 gr. 1. nr. 32/1986.

Ákvæði í 10. gr. 1. um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986.

Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi sem er eftir í skipunum þegar þau koma í stöðvarnar. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar frá skipum og þeim þörfum, sem eru fyrir slíka móttökuaðstöðu í viðkomandi stöð, að mati [Siglingastofnunar Íslands].2)

Orðið hleðslustöð er ekki skilgreint sérstaklega í gildandi lögum, nr. 32/1986. Umræðan um skilgreiningu orðsins kemur fyrst upp við umfjöllun um frumvarpið sem nú er til meðferðar, vegna umsagnar sem barst Alþingi þar sem fram kom að hleðslustöðvum væri ekki ætlað að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi frá skipum, sem önnuðst innflutning á oliu.

Frá því að framangreint lagaákvæð öðlaðist gildi hefur eftir því sem best er vitað aldrei komið til þess að olíuflutningaskip sem annast innflutning olíu til landsins hafi þurft að losa olíublandaða kjölfestu eða olíuúrgang í land. Skipin sigla tóm frá landinu og lesta ef þörf er á frekari kjölfestu, sem síðan er losuð í lestunarhöfn erlendis áður en nýr farmur er tekinn um borð. Undanfarin ár hefur oliuinnflutningur að mestu komið til Reykjavíkur, þar sem aðstaða er til móttöku á takmörkuðu magni olíublandaðrar kjölfestu og annars olíuúrgangs. Þessi aðstaða hefur nýst til móttöku frá olíuskipum sem sinna strandflutningum, en þau losa almennt ekki kjölfestu heldur aðeins olíumengað skolvatn, mest 100 m³ í senn. Á undanförunum misserum hefur innflutningur olíu til landsins þróast þannig að hann fer í vaxandi mæli beint til strandstöðva (hleðslustöðva), í stað þess að vera dreift með strandflutningaskipum frá Reykjavík. Þannig er svartolía nær öll flutt beint til strandstöðva og skipaeldsneyti er flutt inn beint til magra hafna m.a. á norður- og austurlandi. Engum hefur því dottið í hug að koma upp eða krefjast aðstöðu í þeim fjölmörgu olíubirgðastöðvum (stöðvar þar sem skip eru losuð) sem eru víðsvegar um landið, enda engin þörf á slíkri milljóna fjárfestingu, sem engum kæmi að gagni.

Ákvæði í 7. gr. frumvarpsins um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Eins áður er tekið fram er ákvæðið efnislega óbreytt frá gildandi lagaákvæði 1. nr. 32/1986 og orðið hleðslustöð er skilgreint sem: *Stöð þar sem skip eru losuð eða lestuð*. Skilgreiningin gefur tilfni til athugasemda sem ekki var þörf á áður, þar sem nú má draga þá ályktun að allar birgðastöðvar þar sem skip eru losuð eða lestuð, þurfi að hafa aðstöðu til móttöku á *olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi sem er eftir í skipinu þegar það kemur til stöðvarinnar* eins og segir í frumvarpinu.

Ákvæði MARPOL-samningsins.

Samkvæmt nánari skoðun á MARPOL-samningnum á ákvæðið um hleðslustöðvar fyrir olíuflutningaskip, aðeins við um stöðvar þar sem lestuð er hráolía (e. crude oil) eða þar sem lestað er meira en 1000 tonnum af olíu að meðaltali á dag. Skv. ákvæðinu fellur engin olíubirgðastöð (hleðslustöð) á Íslandi undir þessa skilgreiningu um nauðsynlega aðstöðu til að taka á móti olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi frá olíuflutningaskipum. Sé þessi skilningur réttur, eru ekki gerðar frekari athugasemdir við þetta ákvæði í frumvarpinu.

Ólafur Jónsson